

2006 nr. 22 12. apríl**Lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna**

Tóku gildi 1. júlí 2006; koma til framkvæmda skv. fyrirmælum í 19. gr.

I. kafli. Gildissvið og markmið.**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi taka til réttinda foreldra sem eru launamenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar á innlendum vinnumarkaði til greiðslna þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun. Lögin eiga einnig við um rétt foreldra í námi til sömu greiðslna.

■ 2. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að tryggja foreldrum tímabundna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta ekki stundað vinnu eða nám vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun.

■ 3. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða sem hér segir:

a. *Barn*: Einstaklingur sem er yngri en 18 ára.

b. *Launamaður*: Hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði.

c. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur*: Hver sá sem starfar við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattýfirvalda, skil á tryggingagjaldi.

d. *Nám*: 75–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75–100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

II. kafli. Stjórnsýsla.**■ 4. gr. Yfirstjórn.**

□ Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn greiðslna til foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna samkvæmt lögum þessum.

■ 5. gr. Framkvæmdaraðili.

□ Félagsmálaráðherra ákveður með reglugerð¹⁾ hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara.

□ Kostnaður vegna framkvæmdar á lögum þessum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

¹⁾ Rg. 543/2006.**■ 6. gr. Umsókn um greiðslur.**

□ Foreldri skal sækja um greiðslur skv. III. kafla til framkvæmdaraðila skv. 5. gr. þegar barn greinist með alvarlegan og langvinna sjúkdóm eða alvarlega fötlun. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og henni skal meðal annars fylgja vottorð sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar, sem veitir barninu þjónustu, um greiningu, meðferð og umönnunarþörf barns, staðfesting frá vinnuveitanda um að foreldri leggi niður störf, staðfesting um starfstímabil, vottorð frá skóla um að foreldri hafi gert hlé á námi og fyrri námsvist, sem og aðrar upplýsingar sem framkvæmdaraðili telur nauðsynlegar.

□ Framkvæmdaraðili er heimilt að óska eftir umsögn frá öðrum aðilum vegna einstakra umsókna þegar ástæða er til að mati hans.

□ Umsóknin skal undirrituð af báðum foreldrum enda fari þau bæði með forsjá barnsins. Forsjárlausast foreldri skal undirrita umsókn uppfylli það skilyrði 5. mgr. 8. gr. eða 5. mgr. 12. gr., sem og maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki þegar það á við.

■ 7. gr. Kæruheimild.

□ Heimilt er að kæra ákvarðanir framkvæmdaraðila um réttindi foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna sem teknar eru á grundvelli laga þessara til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála.

□ Kæra skal berast nefndinni skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Kæra telst nægilega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist nefndinni eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

□ Úrskurðarnefndin skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að nefndinni berst mál til úrskurðar.

□ Að öðru leyti fer um málsmeðferð skv. 6. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof og ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. kafli. Réttindi foreldra.**■ 8. gr. Skilyrði fyrir réttindum foreldra á vinnumarkaði.**

□ Foreldri, sbr. b- og c-lið 3. gr., sem leggur niður launuð störf þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinna sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum í allt að þrjú mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

□ Skilyrði eru meðal annars að foreldri hafi verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinna sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt vottorði sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu, foreldri leggi niður störf til að annast barnið meðan greiðslur standa yfir, barn þarfnast sérstakrar umönnunar foreldris, svo sem vegna innlagnar á sjúkrahús og/eða meðferðar í heimahúsi, enda verði ekki annarri vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila við komið, og foreldri og barn eigi lögheimili hér á landi þann tíma sem greiðslur eru inntar af hendi. Foreldrar skulu hafa lagt niður störf samtals lengur en 14 virka daga vegna sérstakrar umönnunar barns síns. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi foreldris skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil.

□ Heimilt er að framlengja sameiginleg réttindi foreldra til greiðslna skv. 1. mgr. um allt að sex mánuði þegar barn þeirra þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegra veikinda eða fötlunar.

□ Réttur foreldris til greiðslna skv. 1. og 3. mgr. er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar barn greinist með alvarlegan og langvinna sjúkdóm eða alvarlega fötlun.

□ Forsjárlausast foreldri á rétt til greiðslna liggja fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána fyrir því að forsjálausast foreldrið annist barnið þann tíma sem greiðslur standa yfir. Maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki foreldris sem fer með forsjána getur átt rétt til greiðslna liggja fyrir samþykki beggja kynforeldra barns enda hafi hjónaband, skráð sambúð eða samvist staðið yfir lengur en eitt ár. Í tilvikum þegar annars kynforeldra nýtur sannanlega ekki við er samþykki þess foreldris sem fer með forsjána nægjanlegt.

□ Foreldrar geta ákveðið hvernig þeir skipta réttinum til greiðslna sín á milli fullnægi báðir foreldrar skilyrðum laganna. Foreldrar barns eiga þó ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil.

□ Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð¹⁾ nánar á um rétt foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu, svo sem til hvaða atriða framkvæmdaraðili skuli líta við mat á því í hversu langan tíma foreldrar eigi rétt á greiðslum og við hvaða aðstæður framlenging á greiðslum geti komið til, þar á meðal alvarleika sjúkdóms eða fötlunar.

¹⁾ Rg. 543/2006.

■ **9. gr. Tilhögun greiðslna til foreldra á vinnumarkaði.**

□ Greiðsla til foreldris skv. 8. gr. skal nema 93.000 kr. á mánuði.

□ Greiðslur til foreldris reiknast frá og með þeim degi er fullar launagreiðslur frá vinnuveitanda í forföllum þess hafa fallið niður, sbr. einnig 2. málsl. 2. mgr. 8. gr., sem og greiðslur úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélags vegna veikinda eða fötlunar barns. Foreldri skal leggja fram vottorð vinnuveitanda um að það hafi lagt niður störf og fullar launagreiðslur hafi fallið niður og staðfestingu sjúkra- eða styrktarsjóðs um að það hafi nýtt sér réttindi sín þar. Foreldri getur þó óskað eftir að greiðslur hefjist við síðara tímamark en um getur í 1. málsl.

□ Þegar foreldri er sjálfstætt starfandi einstaklingur reiknast greiðslur frá og með þeim degi er foreldrar hafa lagt niður störf samtals í 14 virka daga vegna sérstakrar umönnunar barns síns. Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hafa lagt niður störf þegar ekki er greitt reiknað endurgjald vegna starfa hans. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. mgr. eftir því sem við getur átt.

□ Greiðslur skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði, 15. virka dag hvers mánaðar, enda hafi foreldri skilað inn nauðsynlegum gögnum til framkvæmdaraðila fyrir 5. virka dag mánaðarins.

□ Fjárhæð greiðslna skv. 1. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.¹⁾

□ Greiðslur frá vinnuveitanda eða öðrum aðilum til foreldris fyrir sama tímabil sem eru hærrí en nemur mismum greiðslna skv. 1. mgr. og meðaltals heildarlauna foreldris fyrir tekjuárið á undan því er barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun skulu koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum. Þó er heimilt að taka tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launabreytinga sem rekja má til breytinga á störfum foreldris. Umönnunargreiðslur sem ætlað er að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum.

¹⁾ Rg. 543/2006, sbr. 1101/2006.

■ **10. gr. Greiðslur samhliða minnkuðu starfshlutfalli.**

□ Foreldri, sbr. b- og c-lið 3. gr., sem leggur niður störf að hluta þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt rétt á hlutfallslegum greiðslum skv. 8.–9. gr. samhliða minnkuðu starfshlutfalli

samkvæmt mati framkvæmdaraðila. Hið sama á við þegar foreldri kemur aftur til starfa í lægra starfshlutfalli en það var í áður en það lagði niður störf tímabundið og ástæður þess að foreldrið er í hlutastarfi má rekja til veikinda eða fötlunar barnsins, sbr. 8. gr. Skilyrði eru meðal annars að foreldrar hafi lagt niður störf og/eða verið í hlutastarfi samfellt lengur en í 14 virka daga og breyting á starfshlutfalli vari í tvær vikur eða lengur. Að öðru leyti gilda skilyrði 8.–9. gr. um greiðslur til foreldra samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

□ Foreldri sem fær hlutfallslegar greiðslur samhliða minnkuðu starfshlutfalli skv. 1. mgr. getur átt rétt á greiðslum í hlutfallslega lengri tíma en kveðið er á um í 1. og 3. mgr. 8. gr.

■ **11. gr. Uppsöfnun og vernd réttinda.**

□ Foreldri, sbr. b- og c-lið 3. gr., greiðir að lágmarki 4% af greiðslum skv. 8.–10. gr. í lífeyrissjóð og ríkissjóður greiðir mótframlag að lágmarki 6%. Foreldri er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð.

□ Foreldri er heimilt að óska eftir því að halda áfram að greiða til stéttarfélags síns og sér þá framkvæmdaraðili um að koma greiðslunni til hlutaðeigandi stéttarfélags.

■ **12. gr. Skilyrði fyrir réttindum foreldra í námi.**

□ Foreldri sem gerir hlé á námi þegar barn þess greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum í allt að þrjú mánuði með hinu foreldri barnsins samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

□ Skilyrði eru meðal annars að foreldrið hafi verið í námi, sbr. d-lið 3. gr., í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt vottorði sérfræðings þeirrar sérhæfðu greiningar- og meðferðarstofnunar sem veitir barninu þjónustu, foreldri geri hlé á námi í a.m.k. eina önn í viðkomandi skóla til að annast barnið sem þarfnast sérstakrar umönnunar foreldris, svo sem vegna innlagnar á sjúkrahús og/eða meðferðar í heimahúsi, enda verði ekki annarri vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila við komið, foreldri hafi átt lögheimili hér á landi síðustu tólf mánuði áður en barn greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun og foreldri og barn eigi lögheimili hér á landi þann tíma sem greiðslur eru inntar af hendi.

□ Heimilt er að framlengja sameiginleg réttindi foreldra til greiðslna skv. 1. mgr. um allt að sex mánuði þegar barn þeirra þarfnast verulegrar umönnunar vegna mjög alvarlegra veikinda eða fötlunar.

□ Réttur foreldris til greiðslna skv. 1. og 3. mgr. er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun.

□ Forsjárlaus foreldri á rétt til greiðslna liggja fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána fyrir því að forsjárlaus foreldrið annist barnið þann tíma sem greiðslur standa yfir. Maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki foreldris sem fer með forsjána getur átt rétt til greiðslna liggja fyrir samþykki beggja kynforeldra barns enda hafi hjónaband, skráð sambúð eða samvist staðið yfir lengur en eitt ár. Í tilvikum þegar annars kynforeldra nýtur sannanlega ekki við er samþykki þess foreldris sem fer með forsjána nægjanlegt.

□ Foreldrar geta ákveðið hvernig þeir skipta réttinum til greiðslna sín á milli fullnægi báðir foreldrar skilyrðum laganna. Foreldrar barns eiga þó ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil.

□ Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð¹⁾ nánar á um rétt foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna

til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu, svo sem til hvaða atriða framkvæmdaraðili skuli líta við mat á því í hversu langan tíma foreldrar eigi rétt á greiðslum og við hvaða aðstæður framlenging á greiðslum geti komið til, þar á meðal alvarleika sjúkdóms eða fötlunar.

¹⁾ Rg. 543/2006.

■ **13. gr.** *Undanþágur frá skilyrðum fyrir réttindum foreldra í námi.*

□ Heimilt er að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði 2. mgr. 12. gr. hafi foreldri flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis eftir að hafa átt lögheimili hér á landi samfelld í a.m.k. fimm ár fyrir flutning og flytur aftur hingað til lands þegar barnið greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun.

□ Þrátt fyrir skilyrði 2. mgr. 12. gr. um samfelld nám í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en barnið greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt vottorði sérfræðings þess getur foreldri átt rétt á greiðslum skv. 12. gr. hafi foreldri verið í samfelldu starfi í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fram til þess að námið hófst. Hið sama á við hafi foreldri lokið a.m.k. einnar annar námi, sbr. d-lið 3. gr., og hafi síðan verið samfelld á vinnumarkaði. Skilyrði er að nám og starf hafi verið samfelld í a.m.k. sex mánuði.

■ **14. gr.** *Tilhögun greiðslna til foreldra í námi.*

□ Greiðsla til foreldris skv. 12. gr. skal nema 93.000 kr. á mánuði.

□ Greiðslur til foreldris reiknast frá og með þeim degi er 14 virkir dagar eru frá því að barn greindist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun samkvæmt læknavottorði, sbr. 12. gr. Þær skulu inntar af hendi eftir á þegar önn viðkomandi skóla er lokið og staðfest er að foreldri hafi gert hlé á námi vegna veikinda eða fötlunar barns þess. Foreldri skal leggja fram vottorð skóla um að það hafi gert hlé á námi. Foreldri getur þó óskað eftir að greiðslur miðist við síðara tímamark en um getur í 1. másl. þegar sjúkdómur eða fötlun barns er þess eðlis að foreldri getur haldið áfram námi en þarf að gera hlé á náminu síðar til að annast barn sitt vegna þróunar sjúkdóms barnsins eða fötlunar.

□ Fjárhæð greiðslna skv. 1. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framlenging skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félagsmálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

□ Greiðslur frá öðrum aðilum til foreldris fyrir sama tímabil skulu koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum. Umönnunargreiðslur sem ætlað er að mæta útlögðum kostnaði vegna veikinda eða fötlunar barns skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum.

■ **15. gr.** *Barn greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm.*

□ Foreldri barns sem greinist aftur með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eftir að hafa náð bata getur átt sameiginlegan rétt á greiðslum samkvæmt þessum kafla með hinu foreldri barnsins enda hafi foreldri verið samfelld á vinnumarkaði í tólf mánuði eða stundað nám í jafnlangan tíma. Hið sama getur átt við þegar ástand barns versnar vegna sjúkdóms eða

fötlunar. Að öðru leyti gilda skilyrði 8. og 12. gr. eftir því sem við á.

□ Foreldrar geta átt rétt á greiðslum samkvæmt þessum kafla þegar annað barn þeirra greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun enda þótt foreldrar hafi áður fengið greiðslur vegna fyrra barns. Foreldrar geta þó einungis fengið greitt vegna eins barns í einu.

IV. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **16. gr.** *Ósamrýmanleg réttindi.*

□ Foreldri sem fær atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar á ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil. Sama á við um foreldri sem fær lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar.

□ Þegar barn greinist með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun meðan foreldrar þess eru í fæðingarorlofi eða fá greiddan fæðingarstyrk samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof öðlast foreldrar ekki jafnframt rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum vegna sama barns, sbr. þó 15. gr.

■ **17. gr.** *Skuldajöfnuður.*

□ Hafi foreldri fengið hærri greiðslur en því bar samkvæmt lögum þessum er heimilt að skuldajafna ofgreiddum greiðslum á móti inneign foreldris vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fjármálaráðherra skal setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsörð.

□ Um innheimtu ofgreidds fjár samkvæmt lögum þessum fer skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Félagsmálaráðherra getur þó falið sérstökum innheimtuáðila að annast innheimtu.

■ **18. gr.** *Reglugerðarheimild.*

□ Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð¹⁾ um nánari framkvæmd laga þessara.

¹⁾ Rg. 543/2006.

■ **19. gr.** *Gildistaka.*

□ Lög þessi skulu öðlast gildi 1. júlí 2006, sbr. þó 2.–4. mgr. Ákvæði laganna eiga við um börn sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. janúar 2006 eða síðar. Ákvæði 1. mgr. 15. gr. getur þó átt við þegar barn hefur greinst í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 2006.

□ Þrátt fyrir efni III. kafla skal sameiginlegur réttur foreldra til greiðslna þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun á árinu 2006 vera allt að einn mánuður. Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til greiðslna um allt að tvo mánuði þegar skilyrði fyrir framlengingu á rétti foreldra til greiðslna eiga við vegna sömu barna, sbr. 3. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 12. gr.

□ Þrátt fyrir efni III. kafla skal sameiginlegur réttur foreldra til greiðslna þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun á árinu 2007 vera allt að tveir mánuðir. Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til greiðslna um allt að fjóra mánuði þegar skilyrði fyrir framlengingu á rétti foreldra til greiðslna eiga við vegna sömu barna, sbr. 3. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 12. gr.

□ Lögin koma að fullu til framkvæmda vegna barna sem greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun 1. janúar 2008 eða síðar. Sama á við um aðstæður skv. 1. mgr. 15. gr. enda þótt börnin hafi greinst í fyrsta skipti fyrir 1. janúar 2008.

■ **20. gr.** . . .